

hvers árs í ofan nefndu markmiði, en $\frac{1}{10}$ skal lagður í sjóð til eflingar flugferðum. 17
19. maí

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

18

19. maí

um

sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Borgarneshreppi í Mýrasýslu þann hluta úr landi prestssetursins Borgar á Mýrum, sem er innan takmarka hreppsins.

18

19. maí

2. gr.

Um mat á landi því, er selt kann að verða samkvæmt lögum þessum, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50 frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Hreppnum er ekki heimilt að endurselja landið eða hluta þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

19

19. maí

L Ö G

um

sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki sóknarprests, að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar þær 840 álnir úr jörðinni Nesi, sem eru eign Nes-